



UM FJÖLL

EFTIR HELGA PÉTURSSON

Tímarit hins íslenskra bókmenntafélags 1899.

Um fjöll.

Eftir

Helga Þétursson.

Í landafræðinni — eins og í náttúruvísindunum yfirleitt — láta menn ekki nú á dögum staðar num-
ið við það, að lýsa ytra útliti hlutanna, menn vilja
vita, hvaða orsakir hafa haft þetta ytra útlit að af-
leiðingum, hvernig hlutirnir eru til orðnir og hvað
hefir drifist á daga þeirra.

Og svo er um fjöllin. Þegar lýst er fjallgarði
í vísindalegri landafræði nú á tínum, er ekki ein-
ungis skýrt frá stefnu fjallgarðsins, hæð o. s. frv.,
heldur er einnig gerð grein fyrir því, hvernig hann
er bygður og úr hvaða efnum og er einkum tekið
tillit til þess, hvaða áhrif efnið hefir haft á lögum
fjallanna.

Því að fjöllin eru nokkur skonar byggingar,
framkomnar við samvinnu tvennskonar krafta.

Með því að rannsaka fjallgarðana og eðli jarð-
arinnar yfir höfuð, hafa menn orðið margs vísari
um uppruna fjallanna og æfiferil þeirra og skal
skýrt frá sumu af því í ritgerð þessari.

I.

Streymandi vatn, jöklar, frost, vindar, loftteg-

undir, sem feyja klettana, o. fl. starfa sifelt að því að mylja sundur yfirborð jarðarinnar og bera mylsnuna úr einum stað í annan, yfir höfuð að tala niður á við. Mylsnan lendir að mestu leyti í hafinu á endanum, dreifir sér þar og legst fyrir á botnimum í lög með ýmsri þykt, lárétt að heita má.

Nú hafa jarðfræðisrannsóknir sýnt, að mikill hluti þurlendisins er bygður upp af lögum, sandsteini, leirflögum o. s. frv., sem hafa komið fram við það, að aðrir eldri klettar hafa mulist sundur og dreifst út yfir sjávarbotn, eins og séð verður af leifum ýmsra sjávardýra er jarðast hafa í lögunum. Hafa þar orðið mikil umskifti, er sjávarbotn er orðinn að þuru landi, en ekki situr þar við, því að jarðlögin, sem upprunalega voru lárétt, eru nú víða beygð, brotin sundur eða lögð í fellningar, sumstaðar jafnvæl svo, að það veit nú upp, sem áður vissi niður, svo að elztu löggin liggja efst, eins og bezt verður séð af steingjörvingunum, t. a. m. þegar leifar af jurtum eða dýrum, sem lifað hafa á miðöld jarðarinnar, koma fram í jarðögum ofar en dýra-eða jurta-leifar frá nýju öldinni.

En nú stendur fjallamyndunin í nánu sambandi við þetta jarðrask og skulum vér því ihuga nokkuð hvað valda muni.

Aflið sem beyglar og brýtur jarðlögin hefur svo víða gert vart við sig, að það hlýtur að eiga sér djúpar rætur í eðli alls hnattarins; en til að skilja nokkuð í því verða menn að reyna að gera sér grein fyrir ásigkomulagi jarðarinnar að innan og uppruna hennar.

Síðan heimspekingurinn Leibniz var uppi hefur sú skoðun verið til, að jörðin hafi einu sinni verið bráðinn og glóandi hnöttur, báldropi, sem storknaði

að utan er hann sveiflaðist um kaldan geiminn. Kenning þeirra *Kants og Laplace's* um upphaf sólkerfisins rakti sögu jarðarinnar lengra aftur og gerði m. a. grein fyrir því hvaðan þessi ofsa hiti væri kominn. Samkvæmt kenningu þessari var í fyrstu einn feiknamikill þokuhnöttur, er náði langt út fyrir yztu takmörk sólkerfisins, sem nú eru. Þokan þéttist og við það kvíkuði svo mikill hiti í henni, að hnötturinn varð glóandi; hann snerist um sjálfan sig með ærnum hraða, og er hann dróst saman og snerist, undust utan af honum hringir, hver eftir aunnan og eru þaðan komnar plánetur allar, en tungl urðu af hringum þeim er síðan undust utan af plánetunum.

Himinhnnettirnir kólnuðu því hraðar, sem þeir voru minni, og bezt hefir geymt hitann sólin, sem er margfalt stærri en allt hennar afsprengi.

En allt, sem gerist í jörðu og á verður af völdum hitans innan í henni eða hitans sem kemur utan að henni frá sólunni, og á þannig rætur sínar að rekja til samdráttar þokuhnattarins mikla forðum.

Kenningin um að jörðin sé ein rennandi glóð að innan, hefur verið þýðingarmikil fyrir jarðfræðina og komið þar á stað mörgum rannsóknum og í hugunum. Á fyrri hluta þessarar aldar, er þeir *Elie de Beaumont* (frb. Bómong) á Frakklandi, en *Leopold von Buch* og *Alexander von Humboldt* á Íþýzkalandi voru forsprakkar í jarðfræðinni, var það skoðun manna, að jarðarskorpan væri tjarska þunn í samanburði við glóandi kjarnann, ekki nema fáeinjar milur á þykt. Alt frá því jörðin var orðin skurnuð hafði eldleðjan leitað á skorpuna, svo að hún varð að láta undan og höfðu verið mest brögð

ad þessu meðan skorpan var þynnri, á löngu liðnum jarðoldum.

Nú voru menn ekki í neinum vandræðum með ad skilja hvernig stæði á misfellunum á yfirborði jarðarinnar. Þessi eldsumbrot höfðu spent upp jarðarskorpana beint að neðan, svo ad fjallgarðar komu fram, og þar sem menn sáu ad hryggengja fjallgarðanna var úr storknu grjóti en vatnagrjót út af til beggja hliða, hafði rifnað upp úr jarðlögunum er eldleðjan brauzt fram. Þessi sami kraftur olli eldgosum og þeysti upp ösku, vikri og hraunflóðum, en eftir þeirra tíma skoðun eru allir jarðskjálftar í nánu sambandi við eldgos; hver jarðskjálfti átti að vera tilraun til að mynda eldfjall.

Humboldt kom með það orðatiltæki, er síðan er svo frægt orðið, að eldfjöllin væru nokkurskonar öruggispípur (*Sicherheitsventile*) jarðarinnar; fengi eldleðjan ekki afrás gegnum þau, mundi hnötturinn jafnvel sundrast, eða að minsta kosti mundu svo háskalegir jarðskjálftar hrista löndin, að allt mannlít væri í voda.

Vogelsang hefur bent á hvernig hugmyndin um gufuvélina liggar á bak við í mörgum af þessum hugleiðingum, en kemur berast fram í þessari líkingu *Humboldt* hefur hugsað sér hnöttinn eins og nokkurskonar feiknastóran eimketil. Það var þá ekki alls fyrir löngu farið að nota spenniafl vatnsgufunnar til að knýja áfram skip og vagna og má nærrí geta hve mjög samtíðinni hefur hlotið að finnast um þær nýjungrar.

Rannsóknir. þær, sem skoðanir þessar byggjast á, voru ekki víðtækar og því síður nákvæmar í samanburði við þær, sem síðan hafa verið gerðar, enda höfðu menn þar víða farið viltir vegar. En

einmitt þær skoðanir, sem drepið var á, um eldgos og iður jarðar, ráða ennþá mestu í hugmyndum þeim er menn alment gera sér um þessi efni. Kemur þar fram eins og svo viða, að hugmyndir sem í vísindunum löngu hafa orðið að þoka fyrir öðrum nýrri og vanalega betri, lifa ennþá góðu lífi hjá almenningu.

II.

Það voru enskir eðlisfræðingar, sem einkum réðust á ofangreinda kenningu um iður jarðarinnar. Voru gerðar tilraunir til að sýna með reikningum, að jarðarskorpan getur með engu móti verið eins þunn og þar er haldið fram, því að þá hlyti jörðin að aflagast miklu meir en hún gerir, af aðdrætti tungls og sólar. Gengu menn síðan ískrefi lengra og sögðu að jörðin væri storkin alla leið inn að miðju. Var þar einkum nefnd sú ástæða, að þeir líkamir er dragast saman við að storkna, þurfa meiri og meiri hita til að bráðna eftir því sem þrýsting á þeim fer vaxandi. Þannig hefur t. a. m. af ýmsum tilraunum verið reiknað út, að blágrýti, sem rennur í 1170° C. hita á yfirborði jarðar, muni þurfa 76000° C. hita til að bráðna í jarðmiðju og eftir því vera þar í föstu ásigkomulagi ef hitinn væri minni en þetta.

Gagnvart þessu hefur verið athugað, hvað hiti sá og þrýsting, sem hægt er að framleiða við þessar tilraunir kemst örskamt á veg upp að þeim geysihita og þrýsting sem hlýtur að vera í jarðmiðju og er því ekki óyggjandi að reikningunum sé fundin rétt undirstaða.

Ennfremur ber þess að gæta, að eftir því sem menn vita bezt, verða öll efni loftkynjuð þegar

kemur upp fyrir eithvert ákveðið hitastig, mismunandi fyrir ýmisleg efni, hvað sem þrýstingin er mikil.

Það eru því mjög margir, sem nú orðið hallast að þeirri skoðun, að innri hlutar jarðarinnar séu í loftformi, enda kemur það ástand langbezt heim við hreyfingarnar í jarðarskorpunni og það sem verður við eldgos.

Ætti jörðin eftir því að vera nokkurskonar blaðra. Storkna skorpan utan um er mjög misþykk, og linast smátt og smátt unz kemur niður á eldleðju, en af eldleoðjunni tekur eldloftið við og eru heldur ekki skörp takmörk þeirra á milli. Neðan til í storknu skorpunni eru hér og hvar eins og augu, sem eldleoðja er í; þaðan koma hraun öll. Það er skiljanlegt, að eldleoðjan getur orðið nokkuð með ýmsu móti í þessum augum, og þannig gera menn sér grein fyrir því, að hraunin, sem koma upp úr ýmsum eldfjöllum eru svo ólik að samsetningu.

Jörðin geislar frá sér hita út í geiminn og sést það á því, að hitinn verður æ meiri, því dýpra sem dregur í jörðu. Jarðarskorpan leiðir hitann innan að, en ekki þurfa hin loftkynjuðu efni í innýflum jarðarinnar að kólna fyrir því, þau dragast saman og við það kemur fram nýr hiti, alveg eins og sólinni bætist hitamissirinn á þann hátt, að hún dregst saman, að því er menn ætla.

En er jarðkjarninn eða eldgufuhnötturinn dregst saman og minkar, hljóta hvolfin, sem utan um eru, að leitast við að laga sig eftir honum og færa sig saman. Á eldleoðjuhvolfinu mun það varla lýsa sér öðruvísí en að það þyknar lítið eitt, en um jardarskorpuna, steinhvolfið er mætti svo nefna,

er allt öðru máli að gegna. Þegar jarðkjarninn minkar, verður steinhvolfið of vítt og það getur ekki lagat sig eftir honum með því að dragast saman eins og eldleðjuhvolfið. Það koma því fram »undirhvelfingar« hér og hvar og niður í þær sigur steinhvolfið undan sínum eigin þunga. Hreyfingin stefnir aðallega að jarðmiðju, en kemur að nokkru leyti fram í hliðarþrýstingu og getur jafnvel sumstaðar þrýst jarðögum útávið, frá jarðmiðju. Þar sem nokkurt lát verður á jarðarskorpunni svignar hún fyrir hliðarþrýstingunni og keyrist upp þrimill eða felling; haldi þrýstingin áfram á sama stað, rekur hún aðra fellingu utan að hinni fyrstu og getur svo gengið koll af kolli. En ekki má ætla að þetta verði allt í einu og fer það þó mishægt. Annarsstaðar geta af líkum ástæðum komið fram stórar dældir í jarðarskorpuna eða bungur, án þess að hún hnyklist frekar. Það ætla ýmsir, að í fyrstu hafi meginlöndin og hafdjúpin orðið til á þennan hátt.

Þegar jarðlögin leggjast svona í fellingskoma viða sprungur og brestir og er menn rannsaka grjót úr slikum fellingum í smásjá, kemur enn þá átakanlegar fram en í stóru sprungunum, hvaða ofur afl hefur verið hér að verki. Grjótagið hefur í rauninni allt molast sundur og þar sem steingjörvingar eru, má sjá hvernig þeir eru slitnir sundur í marga búta og flattir eða teygðir. En þó er grjótagið ein hella; því veldur vatnið, sem allstaðar er á ferðinni með ýms uppleyst efni, sem á löngum tíma kitta saman smáagnirnar. En að grjótagið hefur ekki allt sundrast kemur af því að það hefur legið djúpt í jörð þegar það var að bogna — það sem í upphafi var efst á fellingunum er nefnilega

löngu burt borið, eins og síðar mun minzt á nánar — og líka af því hvað fellingamyn dunin hefur gengið fjarska hægt. Því minna ber á því, að lög in séu svona albreesta, sem dýpra hefur verið á þeim þegar þau beygðust — ef þau eru annars líks edlis, því að grjót á mjög mishægt með að bogna. Það er þess vegna margra ætlan, að þegar ennþá lengra dregur niður í steinhvolfið, geti jafnvel hörðustu steinlög bognad brotalaust. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar, er lúta að þessu.

Sama marmarastykkið (nokkurs konar kalkstein) hefur verið látið breyta lögun sinni eftir ýmsum mónum, án þess að brestir sæjust með berum augum; hefur það verið haft undir afarmiklu fargi; á likan hátt var ýmiskonar málmsvarf látið renna saman í eina hellu. En það er gallinn á öllum þess um tilraunum, að náttúran er svo afarmiklu stórvirkari en mennirnir geta verið, og er þeim langt um megn að búa til annað eins farg og það, sem liggr á steinlögunum djúpt í jörðu. —

Sumstaðar á jörðinni ber mest á fellingunum en minna á sprungunum, en annarstaðar gætir sprungnanna meir og hafa jafnvel stórar spildur af jardarskorpunni mjakast hver fram hjá annari; þar sem sprungurnar yfirgnæfa er eins og hafi tognad á jardarskorpuni. Það er einkum á slikum stöðum, sem eldgos verða. Þegar þunganum léttir á eldleðunni er sprungurnar myndast, spennist hún upp og eiga lofttegundir ýmsar, sem hún hefur innibyrðar nokkurn þátt í því. Þar við bætast áhrif vatnsins, er sigið hefur af yfirborði jarðarinnar og spennir og sprengir allt er það mætir glóandi hrauninu á leið sinni uppeftir. Allt þetta til samans gerir eld-

gos og skal þeim ekki lýst hér frekar, þareð einungis er verið að skýra samband þeirra við samdrátt jarðarinnar.

Af þessu verður ljóst, hvers vegna eldfjöllin eru vön að fylkja sér í langar raðir — þau raða sér nefnilega á sprungurnar — og eins hvers vegna eldfjöll eru sjaldgæf þar sem jarðarskorpan er rekinn saman í fellingar: þar á eldleðjan miklu örðugra með að brjótast fram heldur en þar sem sprungurnar ráða mestu um jarðbygginguna.

Jarðskjálftar eru einkum tvennskonar. Sumir eru bein afleiðing þess, að steinhvolfið er að hrukka, koma þegar jörðin brestur í sundur eða jarðskikar skrika til á sprungum. Öðruvísi er þeim hræringum varið, sem leggja leið sína út frá eldfjöllunum likt og ölduhringir út frá steini, sem kastað er í vatn, og verða þegar hin loftkynjuðu efni eru að brjótast fram úr hraunleðjunni; hraunleðjan er seig, svo lofttegundum veitir örðugt að sleppa, en spenniafl þeirra magnast meir og meir unz þar kemur að lokum, að blaðran springur og skelfur þá jörðin.

Stefnir þetta þá að því, að allir þessir náttúruviðburðir, sem eru svo þýðingarmiklir í sögu jarðarinnar og i mannkynssöggunni, fellingsamýndun, sprungur, eldgos og jarðskjálftar, eiga þar saman rót sína, sem er samdráttur jarðarinnar við hitamissinn. Það er með öðrum orðum þyngdin, sem er yfirsmiðurinn við þessa hlið jarðarsmiðisins, sama aflid sem sveiflar jörðinni veltandi kringum sólinu — og knýr áfram »dropann sem holar steininn«; hefur þyngdin þannig einnig upptökin að hinni hlið landslagssmiðisins, sem varla er þýðingarminni, eins og síðar mun sagt frá nokkru nánar.

Það var amerískur jarðfræðingur *J. D. Dana*,

sem fyrstur opnaði, augu manna fyrir hinum stórkostlegu afleiðingum af samdrætti jardkjarnans. *Dana* var einn af ágætustu náttúrufræðingum á þessari öld, jafn framúrskarandi að athuga og álykta.

Að endingu skulum vér stuttlega glöggva oss á, hvaða munur er á þessari samdráttarkenningu og skoðun þeirri er áður ríkti á eðli fjallamyndunar, eldgosa og jardskjálfta. Samkvæmt eldri skoðuninni var það glóandi jardkjarninn er með spenni-
afli sínu beinlínis sveigði og braut jarðlögin, befjandi upp fjallgarda og gerandi eldgos og jardskjálfta. Samkvæmt nýrri kenningunni hefur jardkjarninn einungis óbeinlínis áhrif á jardarskorpuna, er hann dregst saman og hún hruckkar eftir honum, brest-
andi sundur svo að eldleðjan getur pressast upp. Þar sem allt þetta áður var eignað áhrifum jard-
kjarnans á jardarskorpuna, eins og *Humboldt* komst að orði, er það nú þvert á móti eignað áhrifum hvolfanna á kjarnann, og sú hugmynd er oltin úr tigninni, að eldfjöllin séu nokkurskonar öryggispíp-
ur eða nádarráðstafanir forsjónarinnar til að gera jörðina mönnum byggilega, en það hafa þau líka verið nefnd.

III.

Nú hefur verið sagt nokkuð trá eðli jardarinnar og hvernig af því leidir, að jardarskorpan gengur úr skordum og er það upphaf fjallamyndunar. Er þá næst, að ihuga að nokkru sjálfa fjallgardana.

Það mætti ætla, eftir því sem sagt hetur verið um þaum kraft sem býr til fellings, að fellingafjöll væru á víð og dreif um alla jörðina; en svo er eigi. Næstum því allir fellingafjallgardar, sem til eru, liggja í stórkostlegu belti, sem girðir Kyrrahaf-

íð og nær frá Sundaeyjum og út að Atlantshafi við Gibraltar-sundið. Í þessu bælti eru Alpafjöllin í Euruópu, Himalaya í Asíu og Andesfjöllin í Suðurameríku og tindarnir ná hæst 6800 metra í loft upp í Ameríku en hérumbil 8800 metra í Asíu.¹⁾ Er svo mikill hæðarmunur á landinu sem fyrir utan er og þessu fjallabelti, að tindar utan þess komast mjög sjaldan upp úr 4000 metra hæð, og þeir sem hærra ná eru allir eldfjöll.

Alpafjöllin munu vera einna bezt raunsökuð allra mikilla fjallgarda. Verður þar til einkum að nefna Svissneskan jardfræðing er *Albert Heim* heitir. Hann er spekingur að viti og gerathugull og fjallgöngumaður mikill. Hann hefur með fyrirmynndarrannsóknum sínum á svissnesku Alpafjöllunum rutt nýjar brautir skilningi manna á fjöllunum, uppruna þeirra og æfisögu. Annan mann verður lika að nefna, sem sá á Alpafjöllunum að eldri kenningarnar um fjallamyn dun gátu ekki verið nærrí sanni, og benti a réttari leiðir í því efni. Hann heitir *Eduard Suess*(Sýs). Óvíða er að finna annað eins viðsýni og í hans mikla ritverki um »andlit jardarinnar« (Antlitz der Erde) Suess hefur betur en flestir aðrir, kent mönnum að skilja drættina í því andliti og ekki sítzt lagt áherzlu á að sýna fram á, hvernig »hnötturinn er að hrynda saman undir fótunum á mannkyninu«.

Alpafjöllin liggja í stórum boga og veit kryppan norður og vestur. Krafturinn sem þrýsti upp fjöllunum hefur komið úr suðri og austri, og hetur hann verkað á þann hátt, að nýjar hrukkr eda fellingsar hafa bæzt við fjallgardinn að norðan og vestan.

1) Meter = 3, 1 fet.

Austur- og suðurhlíð fjallanna er nefnd innri hliðin en að norðan og vestan er nefnt ytri hliðin. Þau eru hæst að innanverðu en lækka útávið. Í svínesku Ölpunum er syðst storkugrjót (Massengesteine) og gneis, en eftir því sem norðar dregur verða fyrir manni yngri og yngri vatnagrjótslög. Það vant- ar afarmikið á, að fellingarnar séu heilar, og hefur vatnagrjót áður legið yfir öllum fjöllunum, eins og ráða má af fleygum af þesskonar grjóti, sem hefur við fellingamyndunina hnöðaðt langt inn í gneisinn og komið þannig hjá eyðingu.

Í Austurölpunum liggja vatnagrjótsfellingar báðu megin við hryggenglju fjallgarðsins úr storkugrjóti og gneis. Eins og áður er vikið á, hefur þesskonar fjallabygging komið mönnum til að ætla, að þetta storkugrjót væri orsök í myndun fjallgarðsins, en nú vita menn, að fellingarnar beggjamegin hryggengljunnar eru raunar ólikar að byggingu og geta ekki verið afleiðing kraftar, sem verkaði beint að neðan. Adeins hlið írþrýsting getur bygt slike fellingar og hefur hryggengljan orðið fyrir þeirri þrýstingu eins og vatnagrjótslögin. Sumstaðar hefur vatnagrjót ummyndast svo af völdum þrýstingarinnar, að þess sanna eðli hefur ekki komið í ljós fyr en eftir langar og örðugar rannsóknir.

Par sem jardarskorpan hefur verið rekin saman í fellingar *utanvið* fellingafjöllin, þá hefur tognað á henni *innanvið* þau; en þareð teygjan er ekki mikil í jardarskorpuuni, hefur hún brostið sundur og upp um sprungurnar hefur leitað bráðið hraun. Þess vegna eru svo oft eldfjöll innan við fjallaboga. Milli sprungnanna hafa enn fremur spildur sokkið í undirdjúpin og saxast þannig á fjallgarðana að inn-

anverðu, þar sem þeim vaxa nýjar fellingar að ut-anverðu.

Apennínfjöllin sýna þetta ágætlega; þau eru beinlinis áframhald Alpafjallanna og er vestri hlið þeirra innri hliðin (krafturinn sem þrýsti upp fjöllum hefur komið úr vestri). Innri hlutar Apennín-fjalla eru nú allir sundurmölvaðir og að mestu sokknir í djúpið og hefur gosið mjög viða upp um sprungurnar. Norðan úr Toskana og suður á Sikiley hafa jardeldarnir gert vart við sig; skulu af eldfjöllum að eins nefnd Vesúvíus og Strombolí, fjallið sem altaf hefur verið að gjósa í meira en 2000 ár. Ýmsir af flóunum, sem skerast inn í Ítalíu vestanverða eins og t. a. m. Napoli-flóinn, urðu til er landspildur sukku vestan við bogadregnar sprungur,

Annað dæmi eru Karpatafjöllin. Innri hlið þeirra (suðurhliðin) er mjög sundurklofin og að miklu sokkin og hafa komið þar fram eldfjöll, en þau eru öll hætt að gjósa fyrirlöngu.

Menn hafa tekið eftir því, að þessir háu fellingsfjallgardar, eins og t. a. m. Alpafjöllin og Himalaya eru mjög ungir í sögu jardarinnar, frá nýju öldinni (tertieröldini); mikil af efni fjallanna er, eins og ráða má af steingjörvingum, grjótlög, sem voru að myndast á sjávarbotni fram að miðkafla tertieraldarinnar, jarðlög frá síðasta kafla þeirrar aldar liggja óhöggud að mestu við rætur fjallanna. Af þessu verður séð að jardarskorpan hefur lagst í fellingar á tertieröldinni. Til skamms tíma var það ætlun manna, að saga þessara fjallgarða hefði skifzt í 2 vel aðgreinda kafla, nefnilega:

1. A ð r a g a n d a n n. Um langan aldur hlóðst lag á lag ofan á sjáfarbotni, af kalki, leir o. s. frv. en sjáfarbotninn var jafnframt að síga undan, ann-

ars hefði þetta jardlagasafn ekki getað orðið eins þykt og það er; jardlögin eru sem sé ekki mynduð í mjög djúpum sjó og þó skiftir þykt þeirra samanlagðra mörgum þúsundum feta.

2. Sjálfa fjallamýndunina. Á tertieröld inni hófst upp jardarskorpan og hnyklaðist á þessum stað ogsmátt og smátt kom fram tjallgarðurinn.

Nánari rannsóknir hafa sýnt, að sagan er bædi lengri og margbrotnari en petta. Það hafa fundizt merki þess, að þar sem t. a. m. Alpatjöllin eru nú, var jardarskorpan farin að hnyklast jafnvel á fornöldinni, og hvað eftir annað hafa jarðöflin knúið þarna á; þar hefur verið eitthvað veilt fyrir, svo að jardarskorpan vard að láta undan fremur en annarsstaðar. En raunar hefur kveðið langmest að þessu á tertieröldinni, þá var smiðshöggjíð rekið á þessa fjallasmið, og allt einu máli er að gegna um Himalaya og aðra fjallgarða í fjallabeltinu, sem áður er nefnt.

Á tertieröldinni var yfir höfuð að tala einhver fjarskalegur órói í líkama jardarinnar. Þá hnyklaðist jardarskorpan svo að risu upp stærstu fjallgarðarnir sem til eru, og þá sprakk jördin og flóði í vellandi glóð meir en dæmi eru til fyr eða síðar.

En hvernig stendur á því, að hæstu fjallgarðarnir skuli einmitt vera þeir, sem að mestu risu upp á tertieröldinni? Það gæti verið af því, að bliðarþrýstingin hefði ekki starfað af öðru eins afli fyr á öldum, að brukkurnar í andliti jardarinnar hefðu tarið vaxandi með aldrinum. En rannsóknirnar hafa sýnt, að til þessa liggja aðrar orsakir. Menn þekkja fjallgarða, sem hafa á sér miðfjallasonið, þ. e. tindarnir eru ekki eins háir og brekkurnar ekki eins brattar og í háfjöllunum; hvössu eggj-

arnar, sem eru svo algengar í háfjöllum, sjást varla, en í þeirra stað koma breiðir hryggir. Og þó sýnir staða jarðlaganna, að jarðarskorpan hefur verið stórhrukkott þar sem fjöllin eru. En jafnframt sýnir það sig, að í jarðfræðislegum skilningi er afar langt síðan fellingamyndunin átti sér stað. Eyðandi öflin, sem minst var á í byrjun þessarar ritgerðar, hafa haft tíma til að skerða hrukkurnar stórum og lækka fjöllin. En ekki situr við það. Að landið er slétt kemur vanalega af því, að það er bygt upp af hérumbil láréttum jarðlögum. En til eru þó sléttlendi, gerð af rótum — ef svo mætti komast að orði — ennþá eldri fellinga en í miðfjöllunum eru. Þar sem nú er sléttlendi hefur þá einu sinni risið hár fjallgarður, en eyðingin hefur sópað honum burt af yfirborði jardarinnar, svo að nú er ekki nema undirstaðan eftir. Streymandi vatnið á mestan þátt í þessari eyðingu og stefnir hún að því takmarki, að nema allar mishæðir burt af yfirborði jardarinnar. En á leiðinni að því takmarki skapar hún einmitt misjöfnur og margbreytilegt landslag. Því að jafnvel á ungum fellingafjallgörðum er yfirborðið fjarri því að vera eins og fellingamyndun og sprungur eingöngu mundu hafa gert það. Vatnið hefur grafið gljúfur og dali og það sem stendur eftir eru tindar og eggjar. Dalirnir eru ekki sprungur, framkomnar við fellingamyndun eins og ádur var haldið, heldur hafa árnar búið sér til dali sína og eru þannig eldri en þeir.

Fellingamyndunin gefur undir vald eyðingarinnar lengjur af ýmiskonar grjóti, t. a. m. gneis, kalksteini, sandsteini eða leirflögum; það er auðskilið, að slíkar lengjur hljóta að koma fram þegar fellingarnar skerðast, ef annars margskonar grjót-

lög hnyklast upp við þrýstinguna; en það er nærrí því alltaf. Vatnið á mjög mishægt með að vinna á lögnum; í auðunnu lögnum grefur það einkum dali sína, en torsóttari lögum rísa upp í eggjar og tinda. Hæstu tindarnir verða á endanum þar sem seigast er grjótið, þótt það sé á alt öðrum stöðum en þar sem feilingamyndunin í upphafi hafði stofnað til að risið yrði mest á fjallgarðinum. Langdalur og þverdalur heitir eftir því hvort dalurinn liggar eftir lengd fjallgarðs — og vanalega fellingar — eða þvert á hana.

Af því sem að framan er ritað, ætti þá að verða skiljanlegt, að fjallgarðarnir eru framkomnir við samvinnu tvennskonar krafta; mætti nefna þá innri og ytri krafta. Innri kraftarnir eiga rót sína að rekja til þess, að jörðin er glóandi hið innra, missir hita og dregst saman á þann hátt sem ádur hefur sagt verið.

Sólin er upphaf ytri kraftanna; við sólarhitann gufar vatn upp af yfirborði jardarinnar; vatnsgufan þéttist, verður að úrkому og leitar aftur til sjávarins, en þaðan er hún að mestu komin. Á þeirri leið neytir vatnið þess afts sem það fékk er það hófst í loft upp, til að framkvæma sitt þýðingarmikla starf. Vindar, öldur og sjávarstraumar stafa líka beinlínis eða óbeinlínis af sólarhitum, en allt þetta vinnur að jardarsmiðinu.

Starf innri kraftanna er skilyrðið fyrir því, að ytri kraftarnir geti náð sér niðri. Þeir skapa hallann svo að vatnið geti runnið, með því að dyngja upp eldfjöllum og sprengja jardarskorpuna svo að hún sigrar sumstadar, eða hefja hana upp og hleypa upp á henni fellingum.

Landslagssmiðinni hefur verið líkt við myndasmið (skulptur). Eins og myndasmiðnum er fenginn

i hendur ólögulegur marmarasteinn, sem hann ^{um}
myndar á ýmislegasta hátt með hamri, meitli, o. s.
frv., þannig fá innri kraftarnir, eins og þeir koma
fram i fellingsmyndun o. s. frv. ytri kröftunum
litið margbreylegar misfellur að smíðisefni, en þeir
skera út úr misfellunum dal og tind með endalausri
fjölbreytni.

Þegar öflin ytri hafa heflað af einn fjallgard
niður að rótum, ber það við, að öflin innri fara aftur
að gera vart við sig á þeim stað; jarðarskorpan
beyglast upp, eða hún brestur sundur og spildur
siga í djúpið en sumt stendur eftir. Nú er enn
kominn hæðarmismunur og öflin ytri láta aftur til
sin taka um landslagssmíðið. Svona getur gengið
koll af kolli, og allir þessir viðburðir marka sér
spor í jarðlögunum. Steinarnir tala, en það er oft
miklum erfíðleikum bundið, að taka eftir því og
skilja það.

Slikar æfagamlar fjalllendisrætur, hafnar upp
af nýju og brotnar sundur af innri kröftunum, en
því næst grafnar sundur af ytri kröftunum, eru t.
a. m. Harz og Thüringerwald á Þýzkalandi, skotska
hálendið og skandinaviska hálendið. Einkennilegt
fyrir þessi fjallendi er, að dalirnir eru aðeins til-
tölulega lítilvægar skorur ofan í hálendisflatneskj-
urnar (»viddirnar« er Nordmenn nefna svo). Hin
fyrst nefndu hálendi eru leifar af miklum fellings-
tjallaboga, sem reis upp á steinkolaöldinni; eru við-
ar í Evrópu bútar af því fjallendi; skotska og skan-
dinaviska hálendið eru bútar af ennþá eldri fjalla-
keðju. Þessar hnykludu fjalllendisrætur eru eins
og nokkurskonar bris i jarðarskorpunni og er talið
að bris þessi geti haft áhrif á stefnu yngri fellings-
þegar þær eru að risa upp.

Þess var áður getið, að innri kraftarnir hefðu hvað eftir annað knúið á jarðarskorpuna þar sem Alpatjöllin eru nú, og aðeins þar sem svo er getur fellingafjallgarður til lengdar staðið eyðingunni á sporði. Hræringar eru mjög tíðar í Alpafjöllunum og sýna þær, að jarðlögin eru ekki komin alveg í ró enn þá.

En til eru fellingafjöll, þar sem öflin innri hafa gert vart, við sig að eins einusinni en raunar langan tíma í senn. Bygging fjallanna ber það með sér, að jarðlögin hafa ekki hnyklast hvað eftir annað á ýmsum jarðöldum. Slík fjöll eiga sér tiltölulega stuttan aldur, eftir að fellingamyndunin er hætt að sporna á móti eyðingunni.

Hér má nefna Júrafjöllin. Þau eru gerð af eitthvað 160 fellingum og er engin þeirra jafnlöng fjallgarðinum; á leiðinni þvert yfir fjöllin verða fyrir ferðamanninum aðeins 10—12 fellingar.

Fjallgörðunum hefur verið líkt við rústir, en við það hefur verið athugað eins og rétt er, að þeir hafa verið í rústum frá upphafi vega sinna, fellingarnar hafa aldrei verið heilar. Frá því að fyrsta rigningarskúrin skolaði um fjöllin sem voru að fæðast, hafa eyðandi öflin án afláts verið að sínu verki. Vér vitum að þau hafa á löngum tíma gert þar láglendi, sem áður gnæfðu háir fjallgardar, en oss miklast þó ef til vill ennþá fremur hverju eyðandi öflin fá til leiðar komið, er vér athugum áhrif þeirra á fjallgarða á bezta aldri eins og t. a. Alpatjöllin. Alpatjöllin hafa lagt til efnið í Pósléttuna; Alpafjótin og Alpennífljótin hafa þar fylt upp í fornán flóa. Eins eru úr Alpafjöllunum runnin þau þykku lög af ármöl, sem hafa breiðst út yfir landið fyrir norðan fjallgarðinn; þau lögin, sem næst honum

lágu og voru orðin að einni hellu, hafa beygzt upp í fellingar, er innri kraftarnir héldu áfram að starfa; bygðu þeir þannig við fjallgarðinn af hans eigin rofi.

Alpafjöllin risa upp 4480 metra yfir sjávarmál þar sem Montblanc er, en tvöfalt hærri, eða ámóta og Gavrisankartindur í Himalaya, mundu þau vera ef fellingamyndunin hefði fengið að vera einráð. Svona mikið hafa eyðandi öflin numið burt af fellingunum síðan á tertieröldinni og er það þó ekki langur kafli úr æfi jardarinnar. En undir eins hetur vatnið skapað tegurð Alpatjallanna; segja þeir sem víða hafa farið um hvel jarðar, að hvergi gefi að líta aðra eins landslagsfegurð og þar. Af því sem sagt hefur verið skyldi þó enginn álykta, að Alpafjöllin hafi nokkurn tíma verið um 30000 fet á hæð; vatnið hefur frá upphafi nagað um fellingarnar, jafnóðum og þær risu upp, eins og ádur er sagt.

Fjallgörðunum er yfirlitsins vegna skift í ýmsa flokka; má nefna fellingafjöll, brotajöll og eldfjöll, enn fremur þau fjöll og fjalllendi, sem eyðandi öflin hafa skorið út úr hérum bil láréttum lögum án þess sprungur komi til.

Fellingafjallgardar eru margfalt lengri en þeir eru breiðir og stendur það i nánu sambandi við fellingamyndunina; það eru einkum þeir, sem nefnast fjallakeðjur. Fellingafjöllin verða með tímanum oft að brotajöllum, þegar risið er farið af þeim við eyðinguna og sprungur hafa stýft af þeim á alla vega; eru þau oftast nær breiðari að tiltölu við lengd en fellingafjöllin með því að þau eru ekki nema bútar úr slíkum fjallgörðum. Sum fjöll eru hvort-tveggja undir eins, og má þar nefna til Alpatjöllin;

sunnan af þeim hefur brotnað og austurendinn hefur sprungið frá og sigið í djúpið ekki alllangt frá Vínarborg.

Allt annars konar brotafjallendi kemur fram, þar sem lárétt vatnagrjótslög eða hraunbreiður brotna sundur, sumt sekkur en spildur standa eftir og mynda hálendi.

Eldfjöllin eru þennig til orðin, að aska, vikur og hraun hefur hrúgast upp í kringum op (sprungu niður að eldleðjunni). Eru þau brattar keilur eða flatar dyngjur eftir efninu sem í þeim er; þau eldfjöll eru flatvöxnust, sem eru bygd af tómu hrauni eins og t. a. m. Skjaldbreiður. Meðan eldfjöllin gjósa, ráða innri kraftarnir löguninni en þegar þau eru »kulnuð út« verður eyðingin einvöld og ummyndar þau á ýmsan hátt; askan og vikurinn skolast burt, hraunin sem hvila á svo lausum grundvelli hrynya niður og berast burt, unz kemur í ljós storkugrjótstappinn í göngunum niður að eldleðjunni; getur vatnið svo skorið út úr honum keilumyndað fjall — líkt og eldfjallið var upphaflega, þótt aðrar orsakir væru til þess — eins og t. a. m. Baulu í Borgarfirði.

IV.

Á Íslandi eru flest fjöllin brotafjöll af því taginu sem síðar var nefnt, eða þá eldfjöll; fellingafjöll eru hér ekki til.

Hér að framan var stuttlega minzt á þann óróa sem var í jörðinni á tertieröldinni og lýsti sér í fjallamyndum og feikna gosum. Af hraunflóðum, sem þá runnu er Ísland hlaðið upp að mestu. »Jarðfræðisrannsóknir þær« — segir dr. *Porvaldur Thor-oddson* — »sem á síðari árum hafa verið gerðar á Íslandi, hafa leitt að því næsta sterkar líkur, að

það Ísland, sem nú er, sé einungis lítið brot úr stóru landi, sem á tertieröldinni, að því er næst verður komist, hefur fylt úti mikinn hluta Atlantshafsins norðantil»¹.

»Gosin sem bygðu upp Ísland« — segir sami höfundur í annari ritgerð² — »hófust liklega um miðja tertieröldina« og enn segir hann »blágrýtislögin samanlögð munu vera yfir 3000 metra (um 10000 fet) á þykt«.

Ekki var kyn þótt eithvað yrði á huldu þar sem þessi ósköp höfðu komið upp úr jörðinni, enda klofnadí þetta mikla blágrýtisland allt i sundur og sökk að mestu í sjávardjúp, en eftir stóðu nokkrar spildur eins og t. a. m. Ísland. En spildurnar sem eftir stóðu, eru líka sundurklofnar; þannig hafa t. a. m. Breiðifjörður og Faxaflói orðið svo til, að landssvæði hafa sokkið svo djúpt að sjór rann í lægðirnar, einsog *Porv. Thoroddsen* hefur sýnt framá í áðurnefndum ritgerðum. Og jafnvel allur miðkaffinn úr landinu hefur sokkið að því er *Thoroddsen* hyggur, og varð það tilefni til þess, að móbergið myndaðist og þau eldfjöll sem hafa verið að gjósa sum hver fram á vora daga. Móbergið hefur haldið áfram að klofna og síga og mun t. a. m. suðurlandsundirlendið þannig til orðið. Fjöll eins og Ingólfssfjall og Príhyrningur virðast vera skarir hálandisins sem brotnaði og jarðskjálftarnir, sem verða þegar eitt-hvað er að ganga úr skorðum við sprungurnar,

1) Geologiske Jagtagelser paa Snæfellsnes i Island. Bih. t. Kgl. Sv. Vetenskaps- Akadem. Handlingar, Bd. 17 Afd. II No. 2. 1891.

2) Vulkaner i det nordöstlige Island. Sama ritsafn Bd. 14 Afd. II No. 5. 1888.

sýna að sömu öflin, sem bjuggu til suðurlandsundir-lendið starfa enn.

Ea ég ætla ekki að koma með fleiri hugleið-ingar um íslenzk fjöll yfirleitt, heldur reyna til að útskýra að nokkru »mynd« eina, sem flestir er fá þetta tímarit í hendur hafa eða geta haft fyrir aug-um, en það er Esjan eða réttara sagt sú hlið Esj-unnar sem að Reykjavík snýr. Tilgangurinn er ekki sá, að leggja fram neina rannsókn á Esjunni, til þess þarf nú meira en að horfa á hana í 2 mílna fjarlægð; ég ætla aðeins að benda á sumt af því, sem hver maður *getur* séð þótt í fjarlægð sé, en miklu tærri *hafa* þó séð, ef verða mætti að mönn-um skildist betur, það sem sagt hefur verið um öfl þau er vinna að fjallasmíðinu. Á brúnir og brekk-ur rista öfl þessi rúnir, sem ráða má, sumar hverj-ar að minsta kosti, og er það mentandi fyrir aug-að að gera sér far um að sjá rúnir þessar, en fyr-ir andann að reyna að skilja þær.

Líti menn þá á Esjuna. Má segja að hún sé nokkurnveginn flót að ofan í samanburði við hlíðarnar, sem alt i einu taka við af flatneskjunni. Hlíðin er ekki heldur eins eðlis frá brún og að fjallsrótum; efst eru hamrar en undir þeim skriður. Í hömrúnunum höfum vér fyrir oss innviðu fjallsins, ef svo mætti að orði komast, og hyggjum vandlega að þeim til að sjá hvers vér getum orðið vísari um eðli fjallsins og uppruna. Bezt er að athuga þegar snjóföl er í fjallinu, svo að hlíðin er eins og dreg-in upp með dökkum og hvítum dráttum. Sést þá greinilega, að hamrarnir eru langröndóttir, hvítu rákirnar vanalega mjórri en þær dökku breiðari. Þetta kemur af því, að i hömrúnunum er hylla upp af hyllu en brattir klettaveggir á milli; snjórinn ligg-

ur á hyllunum en getur ekki stöðvast á klettaveggjum og því skiftast á dökkvar og hvítar rákir; hylluna sér maður í styttingu og því eru hvítu rákinar mjórrí, oft er líka í raun og veru breiddin á hyllunum minni en hæðin á veggjunum.

Þá verður fyrir sú spurning, hvernig standi á þessum hyllum og klettaveggjum. Vér vitum að Esjan er bygð upp af mörgum blágrýtislögum, sem hafa blaðið hvert ofaná annað; eru oft þunn, leirkend lög á milli blágrýtislaganna í slikum fjöllum og varla fer hjá því að svo sé í Esjunni, þótt lítið beri á þeim héðan að sjá. Blágrýtislögin eru mjög misþykk, sama lagið er ekki heldur jafnþykt allsstaðar; má oft sjá hvernig þau þynnast til endanna og hverfa, en ný lög taka við, sumstaðar líkt og skeytt eru saman borð i súð. Þessi blágrýtislög eru nú einmitt hraunin, sem runnu á tertieröldinni, eða partar úr þeim. Leirkendu lögin á milli eru gömul yfirborð braunanna, sem hafa verið orðin veðurfúin og farinn að koma jarðvegur í; stundum eru þessi millilög nokkuð annars eðlis, gjall- eða vikurkend. Þar sem tiltölulega ný hraun hafa runnið hvert á annað ofan og síðan klofnað sundur, má sjá margar grjótbreiður hverja yfir annari, líkt og í blágrýtisfjöllunum; svo er t. a. m. í Almannagjárbörnumunum.

Blágrýtislögin eru öll full af sprungum, sem hafa orðið til af því að hraungrjótið dróst saman er það kólnaði; sprungurnar liggja oft þannig, að koma fram fallegar margstrendar súlur; það heitir stuðlaberg; sprungurnar myndast lóðrétt á yfirborðið (kólununarfletina) og verða því hérumbil lóðréttar á láréttum hraunbreiðum.

En þessi klofning á nú mikinn þátt í því, að stallarnir í blágrýtisfjöllunum koma fram; þykja þeir svo einkennilegir fyrir blágrýtið, að það hefur verið nefnt stallagrjót. Hugsum oss blágrýtishamar nýorðinn til við að jörðin hetur sprungið, og sigið landið öðrumegin við sprunguna. Stallarnir eru ekki til í fyrstu, en eyðandi öflin taka þegar til starfa, vatnið sígur niður úr blágrýtislögnum, niður um sprungurnar, en stöðvast nokkuð við »millilögín« og leitar þar út; það ber á burt með sér nokkuð af »millilögnum« og verða blágrýtislögín með tímanum á huldu svo að brotnar framan af þeim. En vegna sprungnanna vill alltaf koma fram lóðréttur klettveggur. Ennfremur frýs vatn í sprungunum í blágrýtinu, þenst við það út og spyrnir svo í sprunguveggina að ekki stenst við; þetta stuðlar líka að því, að brotni framan af blágrýtislögnum eða á jafnvel mestan þátt í því. Frostið er yfir höfuð að tala máttugt í eyðileggingu fjallanna, og því máttugra sem bergtegundirnar eru kleyfari. Vér eignum nú hægt með að gera oss grein fyrir, hvernig stendur á hyllunum; því ofar sem eitt lag er í bömrunum, því meir eyðist það. Er það af því, að ofar í fjöllunum eru eyðandi öflin í sjálfa sér mikilvirkari en neðar; kemur þar einkum til greina, að frost og þíða skiftist miklu oftar á uppi við brúnir en niður undir rótum.

En auk þess komast eyðandi öflin miklu ver að neðantil í fjöllunum; það sem losnar ofar, hrynnur eða berst með vatni niður eftir hlíðunum og nokkuð af því staðnæmist þar og hlifir þeim fyrir frosti og rennandi vatni. Af þessum ástæðum er

það, að fjöllin mjókka uppeftir og að lóðrétt, há klettaþil, eru svo fjarska sjaldgæf. Þegar nú fjall-ið er bygt upp af lögum, sem vegna þess hvernig »liggar í þeim« alltaf enda hérumbil með lóðréttum vegg, er eyðandi öflin brjóta af þeim, þá hlýtur hamrahliðin að verða stöllótt; hallalina hlíðarinnar er skeytt saman af mörgum lóðréttum og láréttum línum likt og þrepastigi. Í undirhlíðunum sjást engir stallar af því að blágrýtið er þar hulið undir niðurhrundu grjóti.

Sé fjallið úr bergtegund, sem er lítið sundurklofin og skiftist ekki í lög, þá kemur fram við eyðinguna hlíð með miklu jafnari halla og ekki stöllótt, efst ber klöpp, neðar skriður eins og vant er. Nokkrá hugmynd má fá um þetta með því að skoda Lönguhliðina. Hraunlag er þar að vísu ofaná en móberg undir; móbergið er auðunnið vatninu, og væri ekki hraunbreiðan því til hlífðar, mundi þetta fjalllendi ekki vera svona flatt að ofan heldur skor-ið sundur í mörg einstök fjöll (*Forv. Thoroddsen*). Liti menn þá á Esjuna annarsvegar en Lönguhliðina hinsvegar, getur þeim orðið ljóst hvernig sömu kraftarnir gera sundurleitt landslag, ef þeir hafa ósamkynja efni til meðferðar.

Undirhlíðar Esjunnar eru gerðar af mörgum aurbingjum, sem teygja sig uppeftir fjallinu og mjókka ódum estir því sem ofar dregur, en breikka og fletjast út niður á við. Niður eftir aurbingjunum liggja skriðurákir en milli þeirra vottar viða tyrir gróðrargeirum. Í leysingum má jafnvel sjá hérðan hvernig vatnsæðar kvíslast um aurbingina; bera þær með sér aur og grjót og vaxa bingirnir einkum í vatnavöxtum. Stundum vaxa þeir meir

en stundum og á öðrum stöðum, eins og sjá má á því, að þeir skuli gróa nokkuð upp.

Vér skulum nú virða fyrir oss nokkra af þessum aurbingjum.

Niðurundan Gljúfurgilinu svo nefndu er stór en nokkuð flatur bingur. Miklu brattari bingir eru vestar, þar sem þeir geta hallast upp að fjallinu betur en fram undan Gljúfurgilinu. Mun lausagrjót ið sumstaðar liggja eins bratt og orðið getur, en sá halli er bundinn við viss takmörk og fara þau nokkuð eftir því hvað stórsteinott skriðan er.

Langstærsti skriðubingurinn er vesturaf bröttu hömrúnunum útundan Kerhólakambi; teygir hann sig uppeftir fjallinu á að gizka meir en $\frac{2}{3}$ af hæðinni. Upp af honum gengur inn stórt vik í hamrabrúnina skördótt mjög og er efnið í binginn þaðan komið. Ýfirleitt er það ljóst, að af fjallsbrúninni verða skriðurnar, er hún hrynnur niður. En af því að hún eyðilegst misjafnt verða skriðubingir og ekki jöfn brekka hið nedra (eftir lengd fjallsins). Hvernig eyðing hið efta og uppbrygging hið nedra stenst hérumbil á, má sjá ágætlega nokkru vestar en miðja vegu milli Kerhólakambs og vesturaxlarinnar. Er þar skorin út í hamrana hvilst niðurmjó eða trekt, og rétt niðurundan hvilftarbroddinum tekur við aurbingurinn. Dylst engum er þar horfir augunum til, hvaða samband sé milli þessa tvennskonar landslags, og að það mundi hérumbil mega fylla úti hamrahvilstina með skriðubingnum.

Enn annarsstaðar er sithvað að sjá, fleira en betur en þar sem vér nú höfum vilt fyrir oss fjallið.

Í hömrúnunum útundan Kerhólakambi hafa eyðandi öflin skorið út ýmsar myndir og líkist sumt af

því ófullkomnum súlum eða bustum; en við útskurð-
inn hafa þó einkum komið fram 2 myndir, er hvor
um sig líkist bókstafnum y. Vestara »y«ið er miklu
greinilegra og snertir austurkvísl þess rétt vesturkvísl
hinnar myndarinnar. Efst eins og gliðna kvíslirnar
sundur og mynda trektir, sem opnast við fjallsbrún.
Verður raunar réttara að líkja öllum efra parti »y«sins
við trekt, en neðra hlutanum við legg trektarinnar. Af
leggnum tekur við toppurinn á skriðubingnum
og hefur grjótruslið í honum runnið um legginn.
Er það einmitt þessi trektarleggur eða skriðufarveg-
ur, sem bar svo lítið á í þeim dæmum, sem vér virt-
um fyrir oss áður.

Enn má benda á »trektina« uppfaf Gljúfurgil-
inu, sem er mjög við um sig og ekki brattur legg-
urinn niður af.

Til þess að skilja, hvernig sílikar »trektir« geta
komið fram verðum vér að ihuga, að sama grjótag-
ið getur látið fremur undan vatninu á einum stað
en öðrum; en þar sem svo er ástatt hlýtur vatnið
að éta sig lengra inn í hamravegginn sumstaðar en
annarsstaðar og sterkustu vatnsæðarnar leitast við að
draga til sin hinar, af því að halli verður að þeim.
Þannig myndast trektin. Frostið hjálpar til að stækka
hana, með fleygunum, sem það keyrir í allar sprung-
ur, en grjótruslið safnast í bing niðurundan í
trektinni kvíslast vatnsæðarnar eius og greinar á
tré, en á bingnum líkt og ræturnar; sýnir eystra
»y«ið þetta mjög vel. Híð efra í fjallinu eru drætt-
irnir allir skarpari, útskurðarlinur; hið nedra eru
linurnar yfirleitt sbjúgari, þær eru bygðar upp, ekki
skornar út.

Vil ég ekki orðlengja um þetta, því að það er
hverjum í augum uppi, sem litur á fjallið með athygli.

Víðast hvar hefur vatnið verið langatkvæðamest í sjálfri hálandisbrúninni, en vestantil á fjallinu má þó sjá gil, sem hefur sagazt niður í hálandisflatneskjuna.

Hvað getur með tímanum orðið úr slíkri gilskoru, má sjá t. a. m. á dal þeim í Skarðsheiði, sem blasir við Reykjavík. Dalurinn ber greinilega með sér, að hann er vatnssmiði og má sjá héðan gilskoruna á dalbotninum og þverrákirnar niður hlíðarnar; uppeftir að líta virðist dalurinn stöllóttur og kemur þar fram bygging fjallsins. Skarðsheiði er miklu meira skorin sundur í horn og múla en Esjan; skorin sundur, segi ég, því að vafalaust hefur Skarðsheiði áður verið samanhangandi hálandistafla.

Í bröttu hlíðinni vestur af Kerhlakambi sér allstóra bletti af gráleitri grjóttegund, sem klofnar allt öðruvísi en blágrýtið; virðist grjóttegund þessi hafa talsverð áhrif á lag hlíðarinnar eins og sjá má þegar Esjan er borin saman við Akrafjall, en þar ber ekki á öðru en blágrýti héðan að sjá. Sumstaðar lítur út fyrir að séu skörp, lóðrétt takmörk milli gráa grjótsins og blágrýtisins og væri liklega mjög fróðlegt, að athuga þetta nánar.

Við austurendann á Esjunni er hálandið skorið sundur í fjallastrýtur (Móskarðshnúkar) og eru þær talsvert lægri en hún. Í Móskarðshnúkum er liparit (Baulusteinn) og vinnur frostið betur á þeirri bergtegund en flestum öðrum. Það liggur nú mjög nærrí að ætla, að þessi hálandiskafinn sé lægri og margyddur, einmitt vegna þess hvað frostið er miklu máttugra í liparítinu en í blágrýtinu; af því, sem áður er sagt, mun vera skiljanlegt hversvegna fjöllin verða uppmjó við eyðinguna; því harðara, sem efnið er, því hvassari verður strýtan; sé það sund-

urleitt að gerð á ýmsum stöðum og klofið, þá verður strýtan óregluleg.

En vér víkjum nú aftur að dökku og hvítu rákunum, sem áður voru nefndar. Eins og sjá má greinilega niðurundan Kerhólakambi og þar austur af, eru rákir þessar nærrí því láréttar og er oss óhætt að álykta af því, að blágrýtislögin hallist aðeins lítið; fæ ég þó ekki betur séð, en að þau hallist lítið eitt austur á við. En í lága hælnum, sem gengur suðaustur úr Esjunni, er hallinn orðinn talsvert meiri. — Á milli skriðubingjanna niður undan »y-
num« báðum bólar á tveimur klettanybbum hvorri upp af annari; mikið af þeim er þegar komið á kaf í skriður og með tímanum hverfa klettastykkini sjálfsagt með öllu. Klettarnir eru gerðir af mörgum blágrýtislögum og eru lögin mjög sporðreist. Er næst að álita, að stykkin hafi sprungið frá hálandis-
röndinni og sigið niður. —

Þá skulum vér virða fyrir oss lægðina miklu, sem setur einna mestan svip á fjallið. Gengur þar fram undirfell með lágum hömrum og skriðum fyrir neðan; fyrir vestan það er Gljúturgilið en fyrir austan það jaft hallandi brekka frá jafnsléttu og upp-
undir háa, mjög bratta hamra, sem liggja norðan að lægðinni. Austantil í hömrunum er einkennileg skál, nokkuð flöt og er ekki óliklegt, að jökkull, sem nái er horfinn, eigi nokkurn þátt í því hvernig hún litur út; niður úr skálinni eru gljúfur-skorningar. Af ýmsum ástæðum þykir mér óliklegt, að vatnið hafi verið eitt að smiði við lægð þessa, og skal eg ekki folyrða um það, þar sem hér er ekki um neina eiginilega rannsókn að ræða. En víst er um það, að vatnið á talsvert í lægðinni; Gljúfurgilið hefur grafið sig djúpt niður vestan við undi-fellið og brekkan

rá Kerhólakambi niður að gilinu, með öllum sínum renslisrákum, ber greinileg merki þess, að streymandi vatn hefur sett lagið á hana; og efst eru eins og ristir tiglar á hamravegginn, þar sem þessar rákir skera linurnar, sem koma fram við lagskiftinguna. Þvergilin í þessari brekku, niður að Gljúfur-gilinu, sýna ágætlega hvernig streymandi vatn étur sig aftur á bak.

Vér skulum nú líta á Akrafjall. Getum vér þar farið miklu fljótar yfir sögu með því að flest það, sem vér sjáum er samskonar og það, er vér höfum þegar athugað í Esjunni. Akrafjall er ekki nærrí því eins sundurskorið og Esjan; hamrarpir ná lengra niður og aurbingirnir skemra upp. Í hamrana eru víða skornar út eins og bustir og kemur það miklu betur fram en í Esjunni. Blágrýtislögin í austurhluta fjallsins eru nærrí því lárétt að því er virðist, en vestur af hnúknum sjáum vér, að bláu og hvítu rákirnar hafa ýmsan halla á ýmsum svæðum; verður ekki annað séð, en að þar séu margar sprungur og vesturhluti fjallsins allur brotinn sundur, í sjálfrí öxlinni hafa löginn haggast mest og hallar þeim innávið (austurávið). Þetta sést allt mjög greinilega þegar föl er í fjallinu, en ekki vel endrarnær.

ENN er eitt ótalið, sem hlýtur að hafa haft mikil áhrif á útlit þessara fjalla, en það eru jöklarnir á isöldinni. Nú er þó ekki að sjá mikið á lögun fjallanna að jökull hafi gengið yfir þau. — Það er heilt Kerhólakambur, sem bendir í þá átt; hann er hvelfdur þeim megin, sem jökkullinn hefur komið að honum og með brattri brekku þar sem jökkullinn hefur runnið fram af honum, en á slikum stöðum nær jökkullinn sér ekki niðri. — Vegna þess, hvað blá-

grýtið er kleyft, hefur vatnið nærri því allsstaðar sprengt úr hlíðunum yfirborðið jökulnúna. Má fá góða hugmynd um þetta á Grænlandi; gneis- og granítfjöllin, sem eru úr bergtegundum er standast frost og vatn miklu betur en blágrýtið, eru öll með bungum og kryppum eftir jöklana, en á lögum blágrýtisfjallanna sér varla jökulspor og hafa þau þó verið ísnúin engu síður. —

Að ofan var sagt, að Ísland er ekki nema lítil hluti úr stóru blágrýtislandi, sem er sokkið í sjávardjúp; og á pennan litla hluta hefur talsvert saxazt og er hann víða sprunginn. Esjan og Akrafjall — sem vér höfum virt fyrir oss til þess að fá nokkra hugmynd um blágrýtisfjöllin og þá um fjöll yfirleitt — eru ekki hæðir vegna þess, að þau hafi lyfzt upp, heldur af því, að það sem að lá, sprakk frá og sökk. Sumt sökk svo djúpt, að þar er nú haf yfir; Akrafjall mænir út yfir Faxaflóa. Aðrir hlutar sukku skemra, en spordreistust; má þar nefna t. a. m. Hamrahlíðina í Mosfellssveit. Porv. Thor-oddson hefur bent á, að þetta hefur orðið tyrir ísöldina; dóleríthraun, sem jökull hefur heflað og núið, hafa runnið kringum þessi fell og er bert af því að fellin eru eldri en isöldin. Enn önnur hálandisbrot eru það, sem sigið hafa en losnað þó ekki alveg frá fjallinu og á ég þar við klettastykkini niður undan Kerhlakambi og hælinn suðaustur úr Esjunní. Bezt sýnir þó Akrafjall, hvernig sjálfar þessar spengur, sem eftir standa, eru snortnar af hrammi þess kraftar, sem braut og sökti landinu mikla. —

Eftirtekta og umhugsun hafa leitt í ljós, að fjöll-

in, sem menn álitu ímynd stöðugleikans, eru ólinnandi breytingum undirorpin. Sé miðað við mannsæfina er saga fjallanna að vísu afarlöng og það sér lítt á þeim breytingar á sama tíma, sem margar mannanna kynslóðir lifa og deyja við rætur þeirra. Svo kvað *Bjarni Thorarensen*:

Söm er hún Esja,
samur er Keilir,
eins er Skjaldbreið
og á Ingólfss dögum.

En sé jafnað til jarðarinnar sjálfrar, þá hefjast og hniga fjöllin eins og öldur sjávarins og saga stóredís fjallgarða gerist á einni minútú úr æfi jarðarinnar, eins og *Heim* hefur komið að orði.
